

Ársskýrsla 2022

Myndlistarmiðstöð
Icelandic Art Center

Mikill velgjörðarmaður lista, Ragnar Jónsson í Smára, hélt því fram að án myndlistar yrðum við mennirnir svo dauðans leiðinlegir. „Við verðum öll að leggja fram okkar skerf svo lífið verði ekki óbærilega leiðinlegt.“ Það er liðin meira en hálf öld síðan hann lét þessi orð falla í blaðaviðtali og verkefnunum fækkar ekki, heldur fer fjölgandi og þau verða meira og meira aðkallandi.

Það fer ekki á milli mála að myndlistarsenan á Íslandi er auðug af lífi. Listasöfnin skipuleggja fjölda sýninga ár hvert, margar í háum gæðaflokki, íslenskir myndlistarmenn fá margvísleg tækifæri til að sýna verk sín hér heima og erlendis, gallerí og sýningarrými ýmiss konar miðla myndlist í raunheimum jafnt sem netheimum, mikið efni er gefið út á prenti um íslenska myndlist á ári hverju og grásrótin kraumar.

Það er spurning hvort það sem er að gerast endurspeglar nægilega vel í opinberri umfjöllun fjölmiðla, hvort eitthvað vanti uppá að myndlistarsenan fái þá athygli sem innihaldið gefur tilefni til. Það skiptir máli að myndlistin fái rými í allmennri umræðu sem nær víðar en til hópa fagfólks í listum.

Ef landið er skoðað sem ein heild þá kemur ýmislegt fleira í ljós. Það er mikilvægt fyrir íslensku myndlistarsenuna að hún sé ekki bundin við eitt landsvæði og einn hóp manna. Það er mikilvægt að huga að breiddinni, huga að minnihlutahópum, þeim sem stundum gleymast eða eru í skugganum af því sem er mest áberandi hverju sinni. Það er mikilvægt að myndlistin fái tækifæri til að bregðast við og endurspeglar samfélagið allt eins og það er, ekki eins og einhverjir halda eða ákveða að það skuli vera.

Á aukaaðalfundi 6. október 2021 var tekin ákvörðun um að breyta stofnskrá Kynningarmiðstöðvar íslenskrar myndlistar með það í huga að víkka út starfsemina og nafninu breytt í Myndlistarmiðstöð. Vinna við gerð Myndlistarstefnu stjórnvalda 2020–2030 hefur verið í gangi undanfarin 2–3 ár. Samhliða þátttöku Kynningarmiðstöðvar íslenskrar myndlistar í þeirri vinnu hefur hlutverk hennar verið skilgreint upp á nýtt, verkefnum fjölgað, starfsviðið víkkað út og nafninu breytt í Myndlistarmiðstöð. Myndlistarstefnan hefur nú öðlast formlegt gildi með nýlegri samþykkt Alþingis og ýmsar aðgerðir hennar þegar komnar til framkvæmda.

Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar hefur haft það hlutverk helst, að sjá um þátttöku Íslands í Fenyjatvíæringnum og kynningu á íslenskri myndlist erlendis. Þetta hefur verið gert í miklu og góðu samstarfi við Íslandsstofu og Utanríkisráðuneytið. Stórum áfanga var náð á síðasta ári þegar sýningarvettvangur Íslands var færður inn á aðalsvæði Fenyjatvíæringisins – Arsenale – og mun svo verða áfram.

Ein stærsta breytingin á starfi miðstöðvarinnar er sú, að héðan í frá mun hún einnig sinna kynningarstarfi innanlands, vekja athygli á því sem er að gerast á myndlistarsviðinu um allt land og koma því á framfæri sem víðast. Fjárveitingar til miðstöðvarinnar verða auknar til að standa undir fjölgun verkefna.

Starfsemi ársins 2022 hefur einkennst af þessu þróunarstarfi og vinnan við það verið leidd af Dorothee Kirch þáverandi formanni stjórnar og forstöðumanninum Auði Jörundsdóttur í góðri samvinnu við Menningarmálaráðuneytið og er þeim þakkað óeigingjarnt starf í þágu Myndlistarmiðstöðvar.

Myndlistarmiðstöð tekur þátt í norrænu og baltnesku samstarfi um sýningarverkefni og fleiri samstarfsverkefni eru í undirbúningi á Evrópusvæðinu. Undirritaðir hafa verið samstarfssamningar um vinnustofudvöl fyrir íslenskt myndlistarfólk í Berlín (Bethanien) og New York (ISCP). Fleiri verkefni eru í farvatninu sem ekki er tímabært að segja frá enn sem komið er.

Verkefnum nýrrar Myndlistarmiðstöðvar fjölga og miðstöðin öðlast hægt og rólega stærra og víðtækara hlutverk. Kjarni starfseminnar hlýtur þó alltaf að verða sá sami; að vinna af fagmennsku að því að koma íslenskri myndlist á framfæri, efla tengsl hennar við alþjóðlega myndlistarsenu og íslenskan almenning og stuðla að framgangi hennar innan lands sem utan.

Myndlistarmiðstöð er sjálfseignarstofnun með sérstaka stjórn og starfar á grundvelli laga nr. 19/1998 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt skipulagsskrá. Markmið með starfsemi miðstöðvarinnar skv. stofnskrá er að kynna íslenska myndlist innanlands og utan og auka þátttöku íslenskra myndlistarmanna í alþjóðlegu myndlistarstarfi. Í því felst m.a. að hafa frumkvæði að sýningum á íslenskri myndlist á alþjóðlegum vettvangi, þátttaka í alþjóðlegum vinnustofum og kynningar á listamönnum sem þar dvelja. Einnig er það markmið miðstöðvarinnar að efla tengsl við alþjóðlegt listumhverfi með því að bjóða blaðamönnum, sýningarstjórum og erlendum aðilum til Íslands.

Á ársfundi miðstöðvarinnar 2022 var skipulagsskrá miðstöðvarinnar breytt. Nafnið Myndlistarmiðstöð var tekið upp í stað nafnsins Kynningarmiðstöðvar íslenskrar myndlistar. Nafninu er ætlað að fanga betur nýtt hlutverkmiðstöðvarinnar. Í stað þess að vinna einvörðungu að kynningu á íslenskri myndlist utan landsteinanna er miðstöðinni nú ætlað það hlutverk að styðja og efla myndlist innan lands sem utan. Einnig er henni ætlað að vekja áhuga og auka skilning almennings á myndlist og greiða fyrir samskiptum milli aðila greinarinnar. Hlutverk miðstöðvarinnar felst einnig í að annast markvissa kynningu á íslenskri myndlist heima fyrir og erlendis og stuðla að þróun innan stjórnkerfis og stofnanna svo efla megi þátt myndlistar sem víðast í samfélaginu. Auk þess er miðstöðinni ætlað að veita ráðgjöf, fræðslu og miðla upplýsingum til fagfólks, almennings og opinberra stofnanna. Síðast en ekki síst er miðstöðinni ætlað að auka veg íslenskrar myndlistar, með fjölbreyttum innlendum og alþjóðlegum viðburðum á sviði myndlistar.

Fastir starfsmenn á tímabilinu:
Auður Jörundsdóttir
forstöðumaður, 100% staða
Klara Þórhallsdóttir
60% staða (1.jan–31.ágúst)
Þórhildur Tinna Sigurðardóttir
50–80% staða
Tinna Guðmundsdóttir
80% staða (frá 15. ágúst)

Aðrir starfsmenn og samstarfsfélagar
Grafísk hönnun
Studio Studio
(Arnar Freyr Guðmundsson,
Birna Geirfinnsdóttir)
Bókhald
Heiðrún Harðardóttir
Endurskoðun
Skattur & Bókhald

Skrifstofa
Myndlistarmiðstöð rekur skrifstofu
í Gimli,
Lækjargötu 3, 101 Reykjavík.
Miðstöðin leigir
skrifstofuaðstöðuna af
Listahátið í Reykjavík.

Umsýsla Myndlistarsjóðs og -ráðs
Miðstöðin starfar fyrir myndlistar-
ráð og myndlistarsjóð sam-
kvæmt þjónustusamningi.



Stjórn miðstöðvarinnar skipa fiimm aðilar, en um mitt ár 2022 var samsetningu stjórnar breytt. Fyrri hluta árs sátu í stjórn tveir fulltrúar frá Sambandi íslenskra myndlistarmanna, einn fulltrúi tilnefndur af Menningarmálaráðuneyti, einn frá Utanríkisráðuneyti og einn fulltrúi kosinn á fundi forstöðumanna listasafna sem aðild eiga að stofnuninni. Að loknum ársfundi um mitt ár 2022 tók breytt stjórn til starfa en í henni sitja áfram fulltrúi tilnefndur af Menningarmálaráðuneyti, einn fulltrúi frá SÍM og fulltrúi listasafna, en við bætast fulltrúi listamannarekinna myndlistarrýma og fulltrúi Listfræðafélagsins. Hver fulltrúi er tilnefndur til þriggja ára í senn.

Fyrri hluti árs 2022

Dorothee Kirch formaður stjórnar
tilnefnd af Menningarmálaráðuneyti
Marta Jónsdóttir
tilnefnd af Utanríkisráðuneyti
Harpa Þórsdóttir
tilnefnd af listasöfnunum
Ásdís Spanó
tilnefnd af SÍM
Starkaður Sigurðarson
tilnefndur af SÍM

Seinni hluti árs 2022

Dorothee Kirch, formaður stjórnar
tilnefnd af Menningarmálaráðuneyti
Elísabet Gunnarsdóttir
tilnefnd af viðurkenndum listasöfnum
á sviði myndlistar
Inga Björk Margrétar- Bjarnadóttir
tilnefnd af Listfræðafélaginu
Starkaður Sigurðarson
tilnefndur af SÍM
Örn Alexander Ámundason
tilnefndur af samtökum listamannarekinna
myndlistarrýma

Fulltrúaráð
Myndlistarmiðstöðvar

Á ársfundi Myndlistarmiðstöðvar 2022 var stofnskrá miðstöðvarinnar breytt og stærri hópi boðin aðild að fulltrúaráði miðstöðvarinnar.

Nú eiga eftirtaldir aðilar sæti í fulltrúaráði	Listasafn Reykjanesbæjar
Stjórn Myndlistarmiðstöðvar	Nýlistasafnið
Listasafn Íslands	Safnasafnið
Listasafn Reykjavíkur	Íslandsstofa
Listasafnið á Akureyri	Myndstef
Listasafn Kópavogs, Gerðarsafn	Listfræðafélagið
Hafnarborg	Utanríkisráðuneytið
Listasafn Háskóla Íslands	Menningar- og viðskiptaráðuneytið
Listasafn Einars Jónssonar	Samtök listamannarekinna myndlistarrýma
Listasafn ASÍ	Samband íslenskra myndlistarmanna, 5 fulltrúar
Listasafn Árnesinga	

Fagráð

Í fagráði sitja forstöðumaður Myndlistarmiðstöðvar, fulltrúi SÍM úr stjórn miðstöðvarinnar og einn úr stjórn miðstöðvar skv.ákvörðun hennar. Fagráð tekur ákvarðanir um styrkveitingar, velur listamenn til þátttöku í alþjóðlegum myndlistarsýningum og öðrum verkefnum á vegum miðstöðvarinnar. Fagráð er skipað til tveggja ára í senn.

Í fagráði á árinu sátu
Auður Jörundsdóttir
Starkaður Sigurðarson
Harpa Þórsdóttir
Elísabet Gunnarsdóttir

Öðrum viðskiptamönnum

Ársskýrsla 2022

Myndlistarráð

Janúar–júní 2022

Helgi Þorgils Friðjónsson

formaður skipaður af

menningarmálaráðherra

Dagný Heiðdal, varaformaður

f.h. Listasafns Íslands

Margrét Elísabet Ólafsdóttir

f.h. Listfræðafélagsins

Guðrún Erla Geirsdóttir

f.h. Sambands íslenskra

myndlistarmanna

Hlynur Helgason

f.h. Sambands íslenskra

myndlistarmanna

Myndlistarráð er skipað til þriggja ára í senn, ráðherra menningarmála skipar ráðið samkvæmt tilnefningum Listasafns Íslands, Listfræðafélagsins og Sambands íslenskra myndlistarmanna. Formaður er skipaður af ráðherra án tilnefningar.

Nýtt myndlistarráð tók til starfa síðla sumars 2022 en ráðið skipa

Ásdís Spanó formaður

skipuð af menningarmálaráðherra

Anna Jóhannsdóttir varaformaður

skipuð af Listasafni Íslands

Margrét Elísabet Ólafsdóttir

f.h. Listfræðafélagsins

Katrín Elvarsdóttir,

f.h. Sambands íslenskra myndlistarmanna

Hlynur Helgason

f.h. Sambands íslenskra myndlistarmanna

ÞöðtðimotðilbrnM

Ársskýrsla 2022

7



Unnið var í nánu samstarfi við Íslandsstofu líkt og síðastliðin ár. Íslandsstofa fjármagnar kynningarmál Fenejvatvícerings og veitti styrk til útgáfu myndlistartímarits og gerð hlaðvarpsþátta. Auk þess fékkst stuðningur og ráðgjöf við fleiri þætti starfseminnar s.s. heimsóknir blaðamanna. Áframhald var á verkefninu Skapandi Ísland sem hófst haustið 2021. Verkefnið er samstarf milli Íslandsstofu og stjórnvalda og unnið í samstarfi við miðstöðvar listgreina. Lagðar eru til níutíu milljónir árlega frá stjórnvöldum. Verkefninu er ætlað að kynna bókmenntir, hönnun, myndlist, tónlist og sviðslistir á alþjóðavettvangi.

Verkefni 2022

ÞöðtðimotzilbnyM

Ársskýrsla 2022

9



Feneyjatvíæringurinn opnaði 23. apríl fyrir almenningi, en foropnanir stóðu yfir dagana á undan. Sigurður Guðjónsson sýndi verk sitt Ævarandi hreyfing undir sýningarstjórn Mónica Bello. Öll framkvæmd og skipulag þátttöku Íslands var í höndum Myndlistarmiðstöðvar.

Lilja Dögg Alfreðsdóttir menningarmálaráðherra opnaði sýninguna við hátíðlega athöfn þann 20. Apríl. Íslenski skálinn var staðsettur á Arsénale svæði Feneyjatvíæringssins í fyrsta sinn. Í kjölfarið á opnun var haldið opnunarparty með Suður Kóreska skálanum.

Tvíæringurinn stóð yfir til 27. nóvember og var aðsóknarmet slegið á tvíæringinn en 800.000 gestir heimsóttu sýninguna, en eldra aðsóknarmet var 600.000 gestir.

Skálinn var mannaður starfsnemum sem nýverið hafa lokið námi fá Listaháskóla Íslands og Háskóla Íslands. Mikið var lagt í kynningarmál í samstarfi við Íslandsstofu og var breska PR stofan Sutton ráðin til þess að halda utan um alþjóðleg kynningarmál. Í tengslum við sýninguna kom út bók um valin verk Sigurðar með textum eftir Mónica Bello.

Þann 5. desember 2022 var tilkynnt í sjónvarpsþættinum Kastljósi að Hildigunnur Birgisdóttir hefði verið valin sem fulltrúi Íslands á Feneyjatvíæringnum 2024.

Að þessu sinni kallað eftir tillögum frá fulltúraráði Myndlistarmiðstöðvar. Hver fulltrúi gat sent inn allt að þrjár hugmyndir að listamanni, sýningarstjóra eða sýningarhugmynd. Fjöldi tillagna barst og fór fagráð Myndlistarmiðstöðvar auk gesta yfir innsendar tillögur. Fagráðið var skipað Hörpu Þórsdóttur f.h. listasafnanna, Starkaði Sigurðarsyni f.h. SÍM og Auði Jörundsdóttur frá Myndlistarmiðstöð. Gestir fagráðs voru Sigurður Guðjónsson og Una Björg Magnúsdóttir.



Íslensku myndlistarverðlaunin voru veitt í fimmta sinn í þann 17. mars 2022. Verðlaunin voru haldin í lðnó og var húsfullir á samkomuna.

Dagskráin var þétt skipuð, en auk verðlaunaafhendinga var fluttur gjörningur eftir Gígju Jónsdóttur, annáll ársins 2021 var fluttur af útvarpsmanninum Kristjáni Guðjónssyni og loks hugvekja eftir Berg Ebba Benediktsson. Auk þess voru sýnd verk við inngang og á undan dagskrá; hljóðverk eftir Þórönnu Björnsdóttur, verk eftir Sindra Leifsson og vídeóverk eftir Margréti Dúa Landmark.

Bryndís Snæbjörnsdóttir og Mark Wilson hlutu verðlaunin Myndlistarmaður ársins 2022 fyrir sýningu sína Visitasíur á Listasafni Akureyrar. Sýningin er afrakstur margra ára rannsóknarverkefnisins Ísbirnir á villigötum sem þau hafa unnið í samvinnu við sérfræðinga á sviði þjóðfræði, náttúru- og umhverfisfræði. Vigdís Jakobsdóttir afhenti verðlaunin.

Hvatningarverðlaun ársins 2022 hlaut hópurinn Lucky 3: Dýrfinna Benita Basalan, Darren Mark og Melanie Ubaldo fyrir gjörninginn PUTI sem var á dagskrá Sequences X listahátíðarinnar haustið 2021. Hildigunnur Birgisdóttir veitti verðlaunin.



Kristjání Guðmundssyni voru veitt heiðursverðlaun Íslensku myndlistarverðlaunanna fyrir ævistarf sitt, Harpa Þórsdóttir hélt stutta tölu um Kristján og verk hans.

Listasafn Íslands fékk viðurkenningu fyrir áhugaverðasta endurlitið 2021 fyrir sýninguna Listþræðir, sýningarstjórar voru Dagný Heiðdal og Harpa Þórsdóttir.

Verksmiðjan á Hjalteyri fékk viðurkenningu fyrir áhugaverðustu samsýninguna fyrir sýninguna Endurómur í umsjón Olgu Bergmann og Önnu Hallin. Þá fengu Inga S. Ragnarsdóttir og Kristín G.

Guðnadóttir viðurkenningu fyrir útgáfu bókarinnar Deiglumór: Keramik úr íslenskum leir 1930–1970.



Sequences

Undirbúningur fyrir Sequences 2023 hófst á árinu. Sýningarstjórar hafa verið valdir eftir opið kall eftir tillögum. Fyrir valinu urðu fjórir eistneskir sýningarstjórar Marika Agu, Steen Ojavee, Maria Aruuso og Kaarin Kivirahk. Vinna við val á listamönnum hófst á árinu og komu sýningarstjórnarnir í undirbúningsferð til landsins í september. Sýningarstjórnarnir fóru í fjölmargar vinnustofuheimsóknir auk þess að kynna sér söfn, gallerí og listamannarekin rými.

Borderland Poetics

Borderland Poetics-samstarfsverkefni Eistland / Ísland / Litháen. Í október bauð miðstöðin íslenskum sýningarstjórum í heimsókn til Tallinn í Eistlandi á vegum Borderland Poetics samstarfsverkefnis Myndlistarmiðstöðvar, Estonian Centre for Contemporary Art og Rupert Centre for Art, Residencies and Education í Litháen. Í heimsóknina fóru Kristín Dagmar Jóhannesdóttir, Heiðar Kári Rannversson, Þórhildur Tinna Sigurðardóttir, Helena Aðalsteinsdóttir og Sunna Ástþórsdóttir. Heimsóknin til Tallinn var annar hluti verkefnisins en áður hafa 12 sýningarstjórar komið til Reykjavíkur í sambærilega ferð. Öll helstu söfn og sýningarstaðir borgarinnar voru heimsótt og fékk hópurinn góða innsýn inn í eistneskt myndlistarlíf.

Auk heimsókna sýningarstjóra er ungum sýningarstjórum eða fólki sem hefur áhuga að starfa innan myndlistarumhverfisins boðið upp á launað starfsnám. Litháenskur nemi, Lukas Strolia kom og starfaði á skrifstofu miðstöðvarinnar í septembermánuði.

Verkefnið hlaut veglegan styrk frá Nordisk Culture Point árið 2021. Verkefnið er til þriggja ára og gengur aðallega út á að bjóða sýningarstjórum milli landanna þriggja og efla tengsl. Auk þess er möguleiki á að útvíkka verkefnið til Norðurlandanna. Verkefnið hófst í ágúst 2021 og stendur fram í ágúst 2023.

ÞöteðimoteilbnyM

Ársskýrsla 2022

13



World Weather Network er stórt samstarfsverkefni milli tæplega þrjátíu samtaka, safna og félaga um víða veröld og er leitt af Artangel í Bretlandi.

Hver þátttökuaðili kemur að verkefninu með mismunandi hætti. Myndlistarmiðstöð vinnur að verkefninu í samstarfi við Vatnasafnið á Snæfellsnesi, en þau bjóða fram vinnustofudvöl sem að jafnaði er ætluð rithöfundu til verkefnisins.

Einar Falur Ingólfsson var valinn sem listamaður verkefnisins. En hann heldur daglega veðurdagbók og miðlar inn á miðla verkefnisins. Einar Falur dvaldi á Vatnasafninu í þrjá mánuði, en vann að verkefninu daglega allt árið og mun gera fram á mitt ár 2023. Verkefnið var opnað formlega þann 21. júní 2022 með vefsíðu þar sem allir samstarfsaðilar setja fram sín framlög. Auk þess eru haldnar fyrirlestrarraðir. Auk þess tók Myndlistarmiðstöð þátt í gjörningi skosku myndlistarkonunnar Katie Paterson í Nýlistasafninu sem var hluti af World Weather Network.



Annar listamaður á vegum Myndlistarmiðstöðvar, Elín Hansdóttir, dvaldi í Künstlerhaus Bethanien frá sumri 2021 fram til apríl 2022.

Elín hélt einkasýningu undir lok dvalar sinnar.

Í maí 2022 tók Anna Júlía Friðbjörnsdóttir við og mun dvelja þar út apríl 2023. Listamönnum frá Íslandi býðst að sækja um vinnustofudvöl til eins árs við Künstlerhaus Bethanien. Einn listamaður er valinn ár hvert.

Verkefnið er fjármagnað af Menningarmálaráðuneytinu og Viljanda, minningarsjóði.

Skrifað var undir samning við ISCP vinnustofur fyrir listamenn og sýningarstjóra í Brooklyn í New York. Nokkrir íslenskir listamenn hafa gegnum tíðina dvalið við stofnunina og hlotið m.a. styrki úr Myndlistarsjóði.

Myndlistarsjóður greiðir dvalargjald fyrir listamann eða sýningarstjóra í þrjú mánuði á ári í þrjú ár, 2024–2027. Umsækjendur þurfa sjálfir að sækja um styrki s.s. listamannalaun fyrir framfærslu.

Samningurinn tekur gildi árið 2024, en auglýst verður eftir umsóknum á vormánuðum 2023. Valferlið mun fara þannig fram að Myndlistarráð velur forvalslista úr þeim umsóknum sem berast, en lokaval mun vera í höndum ISCP.



Styrkveitingar

ÖðtæðimættailbnyM

Ársskýrsla 2022

16

Ferðastyrkir

Alls voru 2,8 milljónum króna veitt í ferðastyrki árinu. Styrkjunum var veitt til listamanna til sýningarhalds og vinnustofudvala víða um heim. Upplýsingar um verkefni og styrkþega má nálgast á heimsíðu miðstöðvarinnar.

Myndlistarsjóður

Tíunda starfsár myndlistarsjóðs var tíðindamikið að því leyti að aldrei hafði hærrí upphæðum verið úthlutað eða samtals 94 milljónum.

Yfirlit úthlutanna 2013–2022

Ár	Úthlutað	Fj. Umsókn	Styrkhafar
2013	41.500.000	226	70
2014	21.000.000	112	45
2015	18.500.000	117	42
2016	28.050.000	259	80
2017	35.000.000	205	84
2018	40.000.000	316	101
2019	44.350.000	340	130
2020	45.500.000	350	140
2021	83.210.000	426	146
2022	94.000.000	360	154
Samtals	451.110.000	2.711	992

Fyrri umsóknarfrestur 2022 rann út 14. febrúar. Sjóðnum bárust 198 umsóknir fyrir rúmum 221 milljónum kr. Skipting umsókna á milli flokka var eftirfarandi:

2022 FYRRI			
Umsóknir	Alls	Flokkar	Samtals sótt um %
39		Útgáfu-, rannsóknar- og aðrir styrkir	60.626.560 27%
28		Undirbúningsstyrkir	34.302.671 16%
131		Sýningarverkefni	126.132.992 57%
198			221.062.223 100%

Eins og áður voru tvær matsnefndir sem fór yfir umsóknir. Í matsnefnd fyrir sýningarverkefni sátu: Margrét Elísabet Ólafsdóttir, Sigurður Árni Sigurðsson og Steinunn Gunnlaugsdóttir. Í matsnefnd fyrir undirbúningsstyrki og útgáfu-, rannsóknar- og aðra styrki sátu: Dagný Heiðdal, Curver Thoroddsen og Margrét Áskelsdóttir. Matsnefndarstörf gengdu vel og fjölbreytnin var góð, verkefni voru bæði utan landsteinana og innan, en líka vítt og breitt um landið.

2022 FYRRI				Árangurshlutfall	
Flokkar	Styrkhafar	Úthlutað	%	Upphæðir	Umsóknir
Útgáfu-, rannsóknar- og aðrir styrkir	19	12.220.000	26%	20%	49%
Undirbúningsstyrkir	9	5.640.000	12%	16%	32%
Sýningarverkefni	57	29.140.000	62%	23%	44%
	85	47.000.000	100%	21%	43%

Hæsta styrkinn í flokki sýningarverkefna eða 2.5 m.kr. hlaut Verksmiðjan á Hjalteyri fyrir sýningardagskrá fyrir árið. Kling & Bang hlaut 1.5 m. kr. fyrir þremur sýningum á árinu. Fjöldmörg verkefni hlutu styrki á bilinu 300–900 þús.kr. þar á meðal fjölmargar einkasýningar og samsýningarverkefni.

Í flokki undirbúningsstyrkja hlutu tvö verkefni hæsta styrk, 1 m. kr., Kling & Bang fyrir sýningarverkefnið Pussy Riot og myndlistarmaðurinn Rúrí fyrir undirbúning á einkasýningu sinni í Museu Internacional de Escultura Contemporánea MIEC_ST í Santo Tirso í Portúgal sem opnaði í janúar 2023.

Í flokki útgáfu-, rannsóknar-, og annara styrkja voru tveir hæstu styrkirnir 1. m.kr. en þá hlutu Aðalheiður S. Eysteinsdóttir fyrir verkefnið Frjó Afmælishátíð sem haldin var í tilefni áratuga afmælis Alþýðuhússins á Siglufirði og myndlistarmaðurinn Tumi Magnússon fyrir útgáfu bókar sem verður gefin út af Space Poetry forlaginu. Ýmis önnur verkefni hlutu styrki á bilinu 300–900 þús. kr. í þessum flokki. Meðal annars listamenn sem hyggja á vinnustofudvalir erlendis, 40 ára afmælisrit SÍM og viðburðar- og sýningardagskrá listamannarekna rýmisins OPEN svo fátt eitt sé nefnt.

Seinni umsóknarfrestur sjóðsins rann út 22. ágúst. Sjóðnum bárust 162 umsóknir og sótt var um fyrir tæplega 159 milljónum kr. Skipting umsókna á milli flokka var eftirfarandi:

2022 SEINNI			
Umsóknir Alls	Flokkar	Samtals sótt um	%
34	Útgáfu-, rannsóknar- og aðrir styrkir	36.496.043	25%
34	Undirbúningsstyrkir	30.601.008	21%
94	Sýningarverkefni	81.286.259	55%
162		148.383.310	100%

Í seinni umsóknarlotu sátu eftirfarandi aðilar í matsnefnd fyrir sýningarverkefni: Katrín Elvarsdóttir, Hlynur Helgason og Ólöf Gerður Sigfúsdóttir. Í matsnefnd fyrir undirbúningsstyrki og útgáfu-, rannsóknar- og aðra styrki sátu: Anna Jóhannsdóttir, Margrét Elísabet Ólafsdóttir og Leifur Ýmir Eyjólfsson.

2022 SEINNI				Árangurshlutfall	
Flokkar	Styrkhafar	Úthlutað	%	Upphæðir	Umsóknir
Útgáfu-, rannsóknar- og aðrir styrkir	18	11.000.000	23%	30%	53%
Undirbúningsstyrkir	15	9.000.000	19%	29%	44%
Sýningarverkefni	36	27.000.000	57%	33%	38%
	69	47.000.000	100%	32%	43%

Í flokki sýningarverkefna hlutu 10 verkefni styrk yfir milljón. Hæsta styrkinn hlutu Ólafur Ólafsson og Libia Castro, 1.8 m.kr. fyrir einkasýningu í samstarfi við Töfrateymið og íbúa Reykjanesbæjar í Listasafni Reykjanesbæjar. Suðurlandstvíæringurinn hlaut tæpar 1.8 m.kr. og samsýning í Kling og Bang í sýningarstjórn Kristínar Helgu Ríkharrsdóttir hlaut 1.6 m.kr. Ennfremur hlutu sýningarröð í Open, Solander250: Bréf frá Íslandi í Íslenskri grafík, Russy Riot í Kling og Bang og sýningin Norður og niður í Listasafni Reykjavíkur hver um sig 1.5 m.kr. styrk.

Í flokki undirbúningsstyrkja hlaut myndlistartvíæringurinn Sequences hæsta styrkinn, 1.800.000 kr. Undirbúningur sýningar til heiðurs Ragnari Kjartanssýni myndhöggvara, Útvarpsstöðin Krútt á vegum Kleifa á Norðvesturlandi og verkefni Bjargeyjar Ólafsdóttur Arkífið, bókverk og sýning hlutu milljón hvert um sig. Í flokki útgáfu- og rannsókn- og annara styrkja hlaut Kling og Bang hæsta styrkinn fyrir útgáfu til að fagna 20 ára starfsemi gallerísins og Tumi Magnússon fyrir geisladisk/bók um hljóðinnsetninguna „Enginn gleypir sólina“ eftir Magnús Pálsson frá 1993. Einnig hlýtur Listasafn Reykjavíkur styrk fyrir bókaútgáfu um Hildi Hákonardóttur, Björn Þrándur Björnsson um Catalogue raisonné fyrir Ásgerði Búadóttur og Guðlaug Mía Eypórsdóttir fyrir vefgagnagrunninn Bláa vasann.



Auglýsingar og kynning Miðstöðin hélt utan um auglýsingar á íslenskum galleríum og söfnum í tímaritinu Artforum í samstarfi við helstu söfn og gallerí í á landinu. Nú í janúar birtist fyrsta auglýsingin í Artforum, heilsíða í lit þar sem listaðir voru allir helstu sýningarstaðir og dagskrá vorsins. Auk þess hefur verið lögð áhersla á fréttáflutning og auglýsingar gegnum samfélagsmiðla sem ná til breiðs hóps. Meðal annars með öflugum Instagram reikningi sem miðlar helstu viðburðum. Miðstöðin heldur utan um viðburðadagatal sem listar allar myndlistarsýningar á landinu. En til stendur að gera þann hluta vefsíðunnar enn betri með nýrri heimasíðu. Ýmis smærri átök hafa verið gerð á samfélagsmiðlum, meðal annars jóladagatal Myndlistarmiðstöðvar sem birtir nýtt listaverk frá Íslandi á hverjum degi fram að jólum.

Samstarf við sendiskrifstofur Fjölbreytt verkefni voru unnin á árinu með sendiskrifstofum Íslands víða um heim. Undirbúningur hófst við gerð ferðasýningar sem sýnd verður á vegum valinna sendiráða víða um heim 2023–2024. Þar ber helst að nefna samstarf við sendiráðið í Berlín sem stendur að metnaðarfullu sýningarhaldi í sendiráðsbústaðnum í samvinnu við Gallerí Guðmundsdóttur í Berlín, dreifingu á tímaritinu Myndlist á Íslandi til fagaðila í hverju landi og ýmis tilfallandi samstarfsverkefni.

Hlaðvarp Hlaðvarpsserían Out There kom út undir stjórn Becky Forsythe og Þórhildar Tinnu Sigurðardóttur. Þáttunum er ætlað að gefa innsýn inní íslenskt myndlistarlíf þættir ársins fjölluðu meðal annars um verðlaunahafa Íslensku Myndlistarverðlaunanna Bryndísi Snæbjörnsdóttur og Mark Wilson, Myndlistardeild LHÍ og Feneyjarfarann Sigurð Guðjónsson. Hlustunartölur hlaðvarpsins hafa hækkað jafnt og þétt og er hlustun ágæt víða um heim.


Blaðamenn Miðstöðin tók á móti nokkrum blaðamönnum frá fagttímaritum á árinu. Þar má helst nefna blaðamenn frá Art Newspaper, Art Net og Wallpaper. Blaðamennirnir fjölluðu meðal annars um sýningarnar Norður og niður á Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsi, yfirlitssýningu Guðjóns Ketilssonar – Kjarvalsstöðum.

Samstarfs- verkefni

ÞöðæðimæðilbnyM

Ársskýrsla 2022

22



Tímaritið Myndlist á Íslandi kom út í annað sinn í mars 2022. Blaðið er fagttímarit um íslensku myndlistarsenuna. Tímaritið er samstarfsverkefni Myndlistarmiðstöðvar, Myndlistarráðs, Listfræðafélagsins, Listaháskóla Íslands og Sambands íslenskra myndlistarmanna. En ritstjórn blaðsins skipa Starkaður Sigurðarson, ritstjóri, Hólmur Hólm, Becky Forsythe.

Í tímaritinu má finna greinar um það sem helst er á döfni í íslensku myndlistarlífi, faggreinar, viðtöl og vinnustofuheimsóknir til listamanna. Blaðið er bæði á ensku og íslensku og er afar vandað bæði hvað varðar innihald og útlit. Miðstöðin sér hag í því að standa að útgáfu til kynningar á íslensku myndlistarlífi. Útgáfan hefur sýnt að hún styður við íslenskt myndlistarlíf og hefur ótvírcætt fræðslu og kynningargildi út fyrir landssteinana. Miðstöðin hlaut stuðning frá Íslandsstofu til útgáfu blaðsins. Rúmlega 250 blöð voru send úr landi til valinna sýningastjóra, listasafna auk þess sem öll sendiráð Íslands fengu eintök. Utanríkisráðuneytið sá um dreifingu. En tímaritið nýtist vel sem kynningarefni á alþjóðavísu auk þess sem það gegnir gríðamikilvægu hlutverki innanlands.

Umræðupræðir er samstarfsverkefni Myndlistarmiðstöðvar, Listaháskóla Íslands og Listasafns Reykjavíkur. Allt frá árinu 2012 hefur fólki sem nýtur viðurkenningar í hinum alþjóðlega listheimi, ýmist á sviði listsköpunar, fræðastarfa eða sýningarstjórnunar verið boðið hingað til lands. Lagt hefur verið upp með að skapa vettvang héraendis fyrir alþjóðleg tengsl og umræður; gestirnir kynnast íslensku listalífi, stunda gestakennslu um leið og þau kynna eigin verk og hugðarefni með opnum fyrirlestrum í safninu. Bandaríska sendiráðið á Íslandi, Goethe Institut og Íslandsstofa styrkja Umræðupræði.

Árið 2022 komu fimm gestir á vegum Talk Series, Gregory Sholette, Anda Rottenberg, Krist Gruijthuisen, Anna Gritz og Shu Lea Cheang.



Fimmtudagurinn langi	<p>Fimmtudagurinn langi er haldinn síðasta fimmtudag hvers mánaðar, en þá hafa söfn og sýningarstaðir opið fram á kvöld. Dagurinn var áfram haldinn hátíðlegur af söfnum og sýningarstöðum, enn fleiri staðir hafa bæst í hópinn sem áður var bundinn við miðborg Reykjavíkur.</p> <p>Nú hefur viðburðurinn teyggt anga sína í Gerðarsafn í Kópavogi og Höfuðstöðina á Ártúnshöfða. Miðstöðin hefur haldið utan um viðburðadagskrá og auglýsingar á netinu, í útvarpi og dagblöðum. Styrkir til kynningar á Fimmtudeginum langa hafa fengist frá Miðborgarsjóði Reykjavíkurborgar. Hefur styrkurinn verið nýttur til auglýsingakaupa í útvarpi, dagblöðum og á samfélagsmiðlum.</p>
Samtök Skapandi greina	<p>Myndlistarmiðstöð á fulltrúa í stjórn Samtaka skapandi greina. Samtökin unnu að því á árinu að bjóða til liðs við sig samtökum, fyrirtækjum og félagasamtökum til liðs við sig. Samtökin áttu reglulega fundi með menningarmálaráðherra um ýmis málefni skapandi greina.</p>
Rannsóknasetur skapandi greina	<p>Myndlistarmiðstöð tók þátt í vinnu við undirbúning Rannsóknaseturs skapandi greina (RSG) á Bifröst. Markmiðið með stofnun RSG er að efla fræðilegar og hagnýtar rannsóknir í þeim ört vaxandi atvinnuvegi sem skapandi greinar eru. Einnig er stefnt að því að efla gæðarannsóknir á þessu sviði og skapa tækifæri til alþjóðlegs rannsóknasamstarfs og samanburðar innan þessara greina. Samningur var gerður árið 2021 við stjórnvöld um að Háskólinn á Bifröst annist nauðsynlegan undirbúning vegna stofnunar rannsóknasetursins. Samstarfsaðilar Háskólans á Bifröst í verkefninu eru Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Listaháskóli Íslands og Samtök skapandi greina. Rannsóknasetrið verður starfrækt við Háskólann á Bifröst.</p>

Grafísk hönnun
Studio Studio
(Arnar Freyr Guðmundsson,
Birna Geirfinnsdóttir)

Letur
Oasis
Universal Thirst

Prentun
Prentmet Oddi

Ljósmyndir
Bick Nick
David Brandt
Dénes Farkas
Einar Falur
ISCP
Myndlist á Íslandi
Myndlistarmiðstöð
Owen Fiene
Suðurlandstváeringurinn
Ugo Carmeni
Umræðuþræðir

